

N Ý R R I S K Ó L A S T E F N U F Y L G T E F T I R :

*Bind vonir við að fjárlög
taki mið af nýrri skólastefnu*

Björn Bjarnason menntamálaráðherra segir að nýrri skólastefnu sé nú fylgt eftir af miklum krafti. Kynningunni sem hófst í byrjun árs sé nú lokið og mót-tökurnar hafi verið mjög góðar. Umsagnir fagaðila hafi verið jákvæðar og stuðli að því að tímaáætlanir haldist.

„Nú er verið að leggja lokahönd á nýjar aðalnám-skrár en gert er ráð fyrir að þær verði gefnar út frá og með hausti 1998 í áföngum fram yfir áramót,“ segir Björn. Við námskrágerð-ina vinna nú um 70 manns í 35 vinnuhópum. Þess má geta að námskrárnar eru ekki aðeins fyrir grunn- og framhaldsskóla heldur verður líka gefin út aðal-námsskrá fyrir leikskóla. Þetta er í fyrsta skipti sem það er gert en hún á að koma út í staðinn fyrir upp-eldisáætlun fyrir leikskóla.

Björn segir að við kynningu á nýrri skólastefnu hafi hann lagt áherslu á að ekki verði hægt að fylgja henni eftir nema með sérstöku átaki í námsefnis-gerð og allt bendi til að á haust-mánuðum verði lagður grunnur að stórauðinni útgáfu á námsefni. Einnig verði ráðist í sérstakt átak í endur-

menntun kennara með það í huga að hún aukist og eflist. Þar að auki hafi í kynningu á nýrri skólastefnu verið lögð sérstök áhersla á lesskimum auk þess sem efla þurfi símenntun. „Við undirbúning fjárlaga hefur verið lögð áhersla á að fá viðurkenndar óskir okk-

„Lesskimum er að okkar mati besta leiðin til að bregðast við lesblindu en tilgangurinn með henni er að ná til nemenda með lestrarerfiðleika sem allra fyrst á þeirra skólagöngu. Með nútímaaðferðum er hægt að skilgreina hverjir þurfa sérstök úrræði og aðstoð

vegna lesblindu. Grunnur-inn að stefnumótuninni á þessu sviði eru tvær skýrslur sem unnar hafa verið fyrir ráðuneytið sem nú á að fylgja eftir. Eftir að hafa rætt málið við sálfræðinga, lækna og fleiri sérfræðinga sem til þess þekkja hallast ég helst að því að þrír aðilar þurfi að koma að málinu, kennslufirvöld, rann-sóknaraðilar, sem eru vanir að búa til próf, og greining-araðilar sem starfa innan heilbrigðiskerfisins. Það er að segja Lestrarmiðstöð Kennaraháskóla Íslands,

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Þessir aðilar ættu að til- nefna fulltrúa til að standa að baki verkefnisstjóra. Markmiðið er að nem- endur beri þennan bagga eins stutt og frekast er kostur.“



Ljósm. Björn

Nýr einkarekinn háskóli, Viðskiptaháskólinn í Reykjavík tók til starfa þann 4. sept. sl. en í nýjum lögum um háskóla eru ákveðið um að menntamálaráðuneytinu sé heimilt að semja við einkarekna skóla. Á myndinni sem var tekin við setningu skólans eru Finnur Geirsson for- maður háskólaráðs, Guðfinna Bjarnadóttir rektor og Björn Bjarnason menntamálaráðherra.

ar um átak til að fylgja eftir nýrri skólastefnu og ég bind vonir við að fjárlög ársins 1999 endurspegli þær áherslur.“

Lesskimum til að bregðast við lesblindu
-Hvernig hyggst ráðuneytið vinna gegn les- blindu?

Náms- og starfsráðgjöf fær aukið vægi
Í nýrri skólastefnu kemur fram að efla þurfi námsráðgjöf ekki síst til að bregðast við brottfalli nemenda. Nú hefur verið unnin skýrsla þar sem fram koma ákveðnar tillögur til úrbóta. Námsráðgjafar vilja fá markvissa stýringu í sínum störfum. Þeir telja einnig að ráðgjöfin þurfi að verða öflugri og hvoru tveggja eru markmið sem ber að stefna að. Menntamálaráðherra segir að þessar hugmyndir séu nú til athugunar innan ráðuneytisins. „Sumt af því sem fram kemur í skýrslunni er þegar farið að vinna að eins og auknu vali í efstu bekkjum grunnskóla. Það þarf einnig að bregðast sérstaklega við of háu brottfalli ekki síst með því að velta í auknum mæli fyrir sér því samfélagi sem nemendur lifa í utan hins hefðbundna fasta skólakerfis.“

Nám kennara

-Nú hefur nám kennara verið töluvert í umræðunni og skiptar skoðanir virðast á því hvort lengja eigi námið eða ekki. Hefur menntamálaráðherra myndað sér skoðun á því máli?

„Mín skoðun er í raun samhljóma meginniðurstöðu í heildarúttekt á kennaramenntun í landinu. Matið tók til allra þeirra skóla á háskólastigi sem mennta grunn- og framhaldsskólakennara til starfa, þ.e. Kennaraháskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands. Í niðurstöðu matsins kemur meðal annars fram að brýnasta verkefni á sviði kennaramenntunar er ekki að lengja grunnám heldur ber að stórefla endurmenntun kennara því að öflugri endurmenntun kennara sé forsenda framfara í kennaramenntun. Við höfum sent rektor Kennaraháskólans bréf þar sem við óskum eftir því að háskólaráð

skólans taki m.a. afstöðu til þess að lengd grunnnáms kennara verði tvískipt. Annars vegar þriggja ára nám er veiti almenn kennsluréttindi og hins vegar fjögurra ára nám er veiti aukna sérhæfingu í einstökum greinum.“

-Gagnrýnisráddir segja að menntayfirvöld og sveitafélög hafi ekki séð fyrir þann kennaraskort sem skipast hefur við setningu grunnskólalaganna og lítið gert til að koma í veg fyrir hann. Hvernig svarar þú þeirri gagnrýni?

„Menn hafa síður en svo setið auðum höndum. Háskólanum á Akureyri var heimilað að mennta kennara sem var stórt skref fyrir landsbyggðina því að þaðan fara flestir kennarar út á land. Fjarnám hefur aukist verulega, m. a. er hægt að stunda kennaranám í fjarnámi. Sameining Þroskaþjálfaskólans, Fósturskólans og Íþróttakennaraskólans í Kennaraháskóla Íslands eykur einnig framboð. Þetta eru þrjú stór skref sem hafa verið stigin á skömmum tíma. Ef við hefðum sagt sem svo að við myndum ekki auka umfangið í skólafarfinu, við skyldum ekki stefna að samfelldum skóladegi og ekki fækka nemendum í bekkjum, nema við hefðum tryggt fjölgun kennara fyrst er ég hræddur um að við biðum enn í óvissu og öryggisleysi.“

Markmiðið er að nemendur njóti kennslu fólks með full réttindi

„Við gætum sagt með sama hætti að óráðlegt hafi verið að setja ný leikskólalög þegar ljóst var að það vantaði meira en tólf hundruð nýja leikskólakennara. Á að bíða eftir því að þeir séu menntaðir og hvenær er vitað nákvæmlega hver er þörfin? Ég held að það hafi verið rétt stefna að taka ákvarðanir um aukið umfang í skólafarfinu. Sveitafélögin hafa tekið víska áhættu með því að fækka nemendum í bekkjum eða skipta bekkjum með öðrum hætti. En þetta eru allt hlutir sem menn gera og sjá að eru jákvæðir. Markmiðið er að nemendur njóti kennslu fólks með full réttindi. Sem stendur náum við því ekki. Við stöndum frammi fyrir samkeppni á hinum almenna vinnumarkaði. Lögverndunarlögin gera ráð fyrir því að þarna sé alltaf eitthvert bil. Undanþáguákvæðin heimila að aðrir en kennarar kenni í skólunum. Höfuðskylda okkar er svo að sjá um að skólafarfið fari fram. Framfarirnar eru miklar og ég lít bjartsýnn til framtíðar. Auðvitað þarf að gera ýmsar breytingar á aðlögunartímanum en ég hef ekki trú á öðru en þau verkefni sem við stöndum frammi fyrir núna leysist öll farsælliga komandi kynslóðum til heilla.“

EFNISYFIRLIT

<i>Víðtal við Björn Bjarnason</i>	1	<i>Örnefuanefnd</i>	10
<i>Öflug upplýsingaveita</i>	3	<i>Verður Windows</i>	
<i>Risna lækkar milli ára</i>	3	<i>tölvunumbverfið íslenskað?</i>	10
<i>Úttekt á starfsemi</i>		<i>Tölvunám framhaldsskólakennara</i>	11
<i>leikskólans Furuborgar</i>	4	<i>Rannsókn á kunnáttu</i>	
<i>Ný rit um menntamál í Evrópu</i>	4	<i>15 ára nemenda</i>	11
<i>Ný skólastefna hvatning</i>		<i>Starfsgreinaráð taka til starfa</i>	12
<i>til frampróunar</i>	5	<i>Ólympíuleikar í eðlisfræði á Íslandi</i>	12
<i>Rannsókn á einelti</i>	6	<i>BÍL 70 ára</i>	13
<i>Stuðningur við afreksmannasjóð</i>	6	<i>Hafið, arfleifið til framtíðar</i>	13
<i>Aukin áhersla á símenntun</i>	7	<i>Breytt rekstrarform þriggja skóla</i>	14
<i>Valddreifing í skólakerfinu</i>	7	<i>Íslenskar kvikmyndir</i>	
<i>Nefnd til að meta þörf fyrir</i>		<i>fá erlenda styrki</i>	14
<i>kennara í grunnskólum</i>	8	<i>Menningartengsl við</i>	
<i>Fræðistörf í Reykholmi</i>	8	<i>sudur-afríska listamenn</i>	15
<i>Ný stjórn Símfóníuhljómsveitarinnar</i>	8	<i>Stuðningur við</i>	
<i>Mat á kennaramenntun</i>	9	<i>margmiðlunarverkefni</i>	15
<i>Örnefustofnun Íslands</i>	10		

Fréttabréf menntamálaráðuneytis,
8. árg. 2. tbl. september 1998
Ábyrgðarmaður: Guðriður Sigurðardóttir
Ritstjóri: Kristín Jónsdóttir
Útlitshönnun: Fiton • hh
Ljósmyndun: Bára
Útg. menntamálaráðuneytið,
Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík
Netfang: postur@mnr.stjr.is
Veffang: www.mnr.stjr.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja ehf

Risna og aðkeyptur akstur aðalskrifstofu menntamála-ráðuneytis lækkar milli ára

Eftir að ríkisreikningur er birtur verða jafnan miklar umræður um hann. Vinsælt er að fjalla um risnukostnað og aðkeyptan akstur og þá er oftast samtala allra stofnana á stjórnslusviði viðkomandi ráðuneytis tekin og hún notuð til að bera saman kostnaðarbreytingar milli ára.

Risna lækkar um 18%

Í ríkisreikningi 1997 er heildarrisnukostnaður menntamálaráðuneytisins og stofnana á stjórnslusviði þess 27.657 millj.kr. en var 24.265 millj.kr. árið 1996 eða tæplega 14% hækkun milli ára. Aftur á móti hefur risnukostnaður menntamálaráðuneytisins sjálfs, aðalskrifstofu lækkað um rúmlega 18% frá fyrra ári.

Risnukostnaður aðalskrifstofunnar var 5.150 millj.kr. árið 1997, 6.308 millj.kr. árið 1996 og yfir 8.000 millj.kr. 1995 og 1994. Risnukostnaður aðalskrifstofunnar hefur því farið lækkaði síðustu ár. Mest er hækkunin hjá Háskóla Íslands, um 2.3 millj.kr. á milli árunna 1996 og 1997.

Aðkeyptur akstur lækkar um 22%

Í ríkisreikningi 1997 er aðkeyptur akstur menntamálaráðuneytisins og stofnana á stjórnslusviði þess 87.787 millj.kr. en var 92.252 millj.kr. árið 1996. Hann lækkar því um tæplega 5% milli ára.

Aðkeyptur akstur menntamálaráðuneytisins sjálfs, aðalskrifstofu var 2.401 millj.kr. árið 1997 en 3.085 millj.kr. 1996. Hann lækkar því um rúmlega 22% milli ára.

Öflug upplýsingaveita, umfangsmikil og auðveld í notkun

„Það hefur verið fróðlegt að kynnast starfsháttum í ráðuneytinu og hér er góður andi. Ég hef átt gott samstarf við þá sem hafa umsjón með vefsíðu ráðuneytisins en jafnframt hef ég haft frjálslar hendur við þau verkefni sem mér hafa verið falið og vona að ég hafi farið skynsamlega með það frelsi“, sagði Björn Þór sem var verkefnaráðinn í vor til menntamálaráðuneytisins.

Þegar menntamálaráðherra opnaði formlega Atvinnumiðstöð stúdenta óskaði hann eftir því að Atvinnumiðstöðin myndi fyrir ráðuneytið starfsmann til að vinna við vefsíðu þess og var Björn Þór ráðinn til verksins.

Hvert var verksvið þitt hér í ráðuneytinu?

„Ég var beðinn að flytja vef menntamálaráðuneytisins yfir í nýtt kerfi en það var orðið erfitt að viðhalda og halda utan um skipulag þessa viðamikla vefs á því formi sem hann var. Nýja kerfið gerir alla umsjón með uppbyggingu vefsins mun auðveldari. Jafnframt flutningi vefsins höfum við unnið að endurskipulagningu hans en ennþá eru einhverjar skipulagsbreytingar fyrirsjáanlegar eftir að flutningi er að mestu lokið, en sú vinna verður mun auðveldari í nýja kerfinu. Núna er ég að vinna við spennandi verkefni sem er að tengja gagnagrunn ráðuneytisins við vefinn þannig að hægt verður að sækja upplýsingar beint úr honum í gegnum vefinn.“

Hver eru framtíðaráformin?

„Núna stefni ég að því að ljúka náminu en ég er í tölvunarfræðiskor við Raunvísindadeild Háskólans. Þar er mikil áhersla lögð á kenningar en minni á þjálfun og reynslu. Einmitt þess vegna er námið góður bakhjarl sem auðveldar manni að tileinka sér nýjar aðferðir og nýjar lausnir. Eftir það mun ég leita fyrir mér um starf í þessum geira við eitthvað sem tengist lausnum við upplýsingamiðlun á netinu.“

Hafðirðu eitthvað skoðað vef menntamálaráðuneytisins áður en þú byrjaðir að vinna hér?

„Ég hafði rambað inn á hann. Þetta er mjög öflug upplýsingaveita, umfangsmikil og auðveld í notkun. Það hefur verið gaman að hafa tekið þátt í að þróa hana áfram.“

Er eitthvað sem kom þér á óvart hér í ráðuneytinu?

„Nei, það hefur ekkert komið mér á óvart. Maður hefur lært smátt og smátt inn á ráðuneytið eins og gengur á hverjum vinnustað og aðlagð sig að því.“



Ljóm. Anna Fjola

Leikurinn er í hávegum hafður

Þó jafnframt bent á þætti sem betur mættu fara og má í því sambandi nefna ófullnægjandi starfsmanna- aðstöðu, engin séraðstaða er til að vinna með fötlud börn og að leikskólinn nýtur ekki sérstakrar ráð-

Menntamálaráðuneytið lét gera úttekt á leikskólanum Furuborg í Reykjavík skólaárið 1997-98. Hann er einn af þremur leikskólum sem rekinn er af Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Furuborg var valinn sem úttektarverkefni þar sem leikskólinn hafði fengið styrki úr Próunarsjóði leikskóla í þrjú ár vegna þróunarverkefnisins *Gæði í uppeldisstarfi í leikskólanum Furuborg* og fyrir lá þróunarskýrsla skólans *Til þess er leikurinn gerður*. Kristín Karlsdóttir leikskólakennari gerði úttektina.

Í heild eru niðurstöður úttektarinnar mjög jákvæðar og greinilegt að öflugt faglegt starf fer fram í Furuborg. Leikurinn er í hávegum hafður í starfsemi og er unnið með hann á afar fjölbreytilegan hátt í samræmi við aldur og þroska barnanna. Menning, hefðir og siðir í leikskólanum eru fastir liðir í námsáætlunum skólans og hefð er fyrir því að nýta náttúruna og nánasta umhverfi leikskólans í daglegu starfi en leikskólinn er staðsettur í Fossvogi. Í Furuborg hefur verið þróuð vönduð starfsmannahandbók, Ratsjá, sem m.a. hefur það að markmiði að auðvelda samstarf og gefa starfsfólki yfirsýn yfir starfsemi leikskólans og samræma reglur og starfsaðferðir. Í skýrslunni er



Ljóm. Anna Fjólá

gjafar- og sálfræðipjónustu eins og lög um leikskóla mæla fyrir um.

Úttektarskýrslan *Mat á starfi leikskólans Furuborgar* er aðgengileg á heimasíðu menntamálaráðuneytisins slóðin er: www.mrn.stjr.is

EURYDICE - Upplýsinganet um menntamál hefur nýlega gefið út nokkur rit um menntamál. Í *Measures taken by the member states of the European Union to assist young people who have left the education system without qualifications* er fjallað um aðgerðir sem beitt hefur verið til að aðstoða brottfallsnemendur. Einnig er fjallað um skipulag, fjármögnun og stjórnun. Ritið nær til ríkja Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna Íslands, Norðs og Lichtenstein.

Í ritinu *Secondary Education: Structures, Organisation and Administration* er lýsing á framhaldsskólastiginu, menntun kennara og stjórnun. Ritið nær til ríkja Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna.

Key data on education in the European

Ný rit um menntamál í Evrópu



Union 97 er tölfræðirit um menntamál í ríkjum Evrópusambandsins, EFTA-ríkjunum, Búlgaríu, Tékklandi, Ungverjalandi, Póllandi, Rúmeníu og Slóvakíu. Ritið er gefið út af EUROSTAT og EURYDICE.

The Role of Parents in the Education Systems of the European Union fjallar um hlutverk, ábyrgð og stöðu foreldra í

skólakerfum ríkja Evrópusambandsins og EFTA-ríkjanna.

Ofangreind rit eru öll til á ensku, en einnig eru þau til á frönsku og þýsku. Hægt er að nálgast þau á vefsíðu EURYDICE, slóðin er <http://www.eurydice.org>. Þar er hægt að panta þau og/eða skoða. Á vefsíðunni er einnig gagnagrunnur um skólakerfi flestra Evrópulanda og sam-

heitaskrá á ensku um skólamál.

Hægt er að panta rit beint frá Eurydice í Brussel, heimilisfangið er: EURYDICE, European Unit, Rue d'Arlon 15, B-1050 Brussel. Einnig má benda á að Bókabúð Lárusar Blöndal, Skólavörðustíg 2, Reykjavík hefur á boðstólum rit sem gefin eru út á vegum Evrópusambandsins.

Ný skólastefna hefur orðið hvatning til framþróunar



Hilmar Ingólfsson skólastjóri ásamt kennurunum Láru Eiríksdóttur, Ragnheiði Stephensen og Sólrínu Guðbjörnsdóttur

Í byrjun september liggur alltaf einhver eftirvænting og tilhlökkun í loftinu. Enda eru um 42 þús. grunnskólanemendur að hefja nám aftur eftir sumarfrí. Í sumum skólum verður námið með hefðbundnu sniði en margir skólastjórar leita nýrra leiða og vilja ekki binda sig við hið hefðbundna. Einn þeirra er Hilmar Ingólfsson skólastjóri í Hofsstaðaskóla í Garðabæ. Hann var tekinn tali til að forvitnast um vetrarstarfið. Fram kom að miklar breytingar verða í haust á skólastarfinu sem helgast m.a. af því að skólinn verður einsetinn. „Einn umsjónartími mun bætast við kennslutímamann á hverjum degi og næðisstund í 20 mínútur verður í umsjá hvers bekkjarkennara fyrir upphaf kennslu á morgnana. Átta nýjar kennslustofur bætast við auk fylgirýmis og einni stofunni hefur verið breytt í tölvustofu með tækjum af fullkomnustu gerð. Einnig hefur verið bætt aðstaða á skólasafni.“

Stefnumörkun til framtíðar mikilvæg

„Stefnumörkun menntamálaráðuneytisins með útgáfu bæklingisins *Enn betri skóli - þeirra réttur okkar skylda* og síðan fundahöldum um allt land með menntamálaráðherra hefur skapað mikla umræðu um málefni og skipulag grunnskólans og orðið hvatning til breytinga og framþróunar í skólastarfinu. Stefnumörkun til framtíðar er mjög mikilvæg og því eru þessi breyttu vinnubrögð yfirvalda menntamála mjög mikilvæg og jákvæð hvort sem fólk er sammála því sem lagt er til eða ekki. Umræða um skólanámskrá og menntastefnu er fastur þáttur í skólastarfinu hér og eitt mikilvægasta verkefni starfsfólks og skólastjórnenda.“ sagði Hilmar.

Lífsleikni á stundaskrá hjá öllum nemendum

Þó að nýja aðalnámskráin hafi ekki tekið gildi er þegar farið að vinna í anda hennar í Hofsstaðaskóla.

„Í hugmyndum menntamálaráðuneytisins um skiptingu

kennslustunda skólárið 2001-2002 má nefna þau nýmæli að upplýsinga- og tæknimennt ásamt lífsleikni eru þar sjálfstæðar námsgreinar. Margir skólar hafa undanfarin ár kennt

þessar greinar en samt sem áður er hér um mikilvæga stefnumörkun að ræða sem hlýtur að hvetja okkur skólafólk til að marka nýja stefnu varðandi þessar námsgreinar.

Að frumkvæði Lion-Eik í Garðabæ tókum við upp kennslu í lífsleikni í 6. bekk fyrir tveim árum. Við munum fylgja stefnumörkun menntamálaráðuneytisins og bæta um betur, því lífsleikni verður á stundaskrá hjá öllum nemendum skólans í vetur og verður lögð áhersla á að efla frumkvæði og sjálfstæði nemenda. Byggt verður á heimspeki og siðfræði og reynt m.a. að stuðla að tillitsemi, umburðarlyndi og sjálfsögun nemenda. Ég fagna þessum nýju námsgreinum í stefnumörkuninni

Enn betri skóli, en bendi jafnframt á að það er ákvörðun hvers skóla hvernig útfærsla og inntak námsins er.“

Enskan fyrsta erlenda málið

-Hver er þín skoðun á því að enskan verði fyrsta erlenda málið í stað dönsku?

„Ég tel að enska eigi að vera fyrsta mál og það er mikil stemning fyrir því hér í skólanum að byrja miklu fyrr með hana. En það á ekki að kasta dönskunni. Í Hofsstaðaskóla eru nemendur í 1. - 6. bekk og því hefur engin enskukennsla verið í skólanum. Fyrirhugað er að byrja með enskukennslu í vetur í Tólmstundaheimili sem rekið er í húsnæði skólans, að loknum venjulegum skóladegi og stefnt að enskukennslu hér í skólanum í 5. og 6. bekk næsta skólaár.“

-Nú er strákabekkur í einum árgangi, hvernig kom það til?

„Í 3ja bekk eru miklu fleiri strákar en stelpur. Í einum bekk hafði stúlka lent í einelti og mikil áhersla lögð á að taka á vandamálinu. Ég lagði til eftir að hafa m.a. leitað ráðgjafar hjá Margréti Pálu leikskólastjóra að bekkurinn yrði gerður að strákabekki. Fáar stelpur voru í bekknum og sumir vildu hafa þær þar áfram til að draga úr óróleika í bekknum. Mér finnst ekki rétt að leysa agavandamál með því að nota stelpur sem stuðpúða í bekk.“

Samstarf við leikskólana

„Með tilkomu leikskólafulltrúa og síðan grunnskólafulltrúa í Garðabæ hefur komist á raunverulegt samstarf milli grunnskóla og leikskóla. Leikskólarnir munu kenna hluta af núverandi kennsluefni í 1. bekk og því verður svigrúm til að færa t.d. allt núverandi námsefni 2. bekkjar í stærðfræði í 1. bekk. Talmeinafræðingur mun á skipulegan hátt fylgjast með náms- og félagslegri stöðu leikskólabarna og fylgja þeim í grunnskólann með upplýsingum og ráðgjöf til grunnskólans. Vænti ég mikils af þessu samstarfi“, segir Hilmar Ingólfsson skólastjóri að lokum.

Rannsókn á einelti í íslenskum grunnskólum

Menntamálaráðuneytið hefur gert samning við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála um framkvæmd rannsóknar á eðli og umfangi eineltis í grunnskólum landsins. Megináhersla verður lögð á söfnun gagna í einum árgangi í grunnskóla og fer rannsóknin fram á árunum 1998 og 1999.

Hér á landi hefur ekki verið gerð rannsókn sem varpar ljósi á heildarumfang og eðli eineltis í grunnskóla. Hins vegar hafa verið gerðar ýmsar kannanir á tíðni eineltis innan tiltekinna skóla og svæða og benda þær til þess að einelti sé vandi margra

ungmenna á Íslandi ekki síður en jafnaldra þeirra erlendis.

Í rannsókninni verður m.a. leitast við að fá svör við því hvert sé umfang eineltis á Íslandi og hvernig börn og ungmenni skilgreini einelti. Einnig verður aflað upplýsinga um það hvar einelti gegn börnum og unglingum eigi sér helst stað, hverjir verða fyrir því og hverjir beita því.

Ætlunin er að þekkingin sem aflað verður með rannsókninni nýtist til að meta bestu forvarnarúræðin gegn einelti og hvernig þeim verður hrundið í framkvæmd.

Stuðningur við Afreksmannasjóð Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

Björn Bjarnason menntamálaráðherra, Ellert B. Schram forseti ÍSÍ og Geir H. Haarde fjármálaráðherra hafa undirritað samning milli menntamálaráðuneytisins og Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands um fjármögnun Afreksmannasjóðs.

Nefnd um eflingu íþróttastarfs, sem skipuð var á grundvelli ályktunar Alþingis frá 16. maí 1997 skilaði álitgerð í desember sl. og lagði m.a. til, að ríkið tæki ásamt Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSÍ) og e.t.v. fleiri aðilum þátt í að fjármagna afreksmannasjóð til að efla árangur íslensks afreksfólks í íþróttum á alþjóðavettvangi. Slíkur sjóður, Afreksmannasjóður ÍSÍ, hefur um árabíl verið til á vegum íþróttahreyfingarinnar og hefur runnið til hans hluti af ágóða ÍSÍ af Lottó-starfsemi.

Í fyrrnefndum samningi sem undirritaður var 27. maí sl. er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið beiti sér fyrir styrkveitingu til Afreksmannasjóðs ÍSÍ í fjárlögum á tímabilinu 1999-2003, 10 millj.kr. hvert ár, en að ÍSÍ leggi árlega til sjóðsins 12 millj.kr. af Lottó-ágóða sínum á sama tímabili. Fyrirvari er gerður um ákvörðun Alþingis hverju sinni og gert er ráð fyrir möguleika á endurskoðun framlaga ef ágóðahlutur ÍSÍ af Lottó-starfsemi verður umtalsvert minni en svo að 8% hans nemi 12 millj.kr. Guðjón Guðmundsson alþingismaður, formaður íþróttanefndar ríkisins er fulltrúi menntamálaráðherra í stjórn sjóðsins.



Jón Arnar Magnússon íþróttafreksmaður í tugþraut

Aukin áhersla á símenntun og upplýsingatækni

Frá því að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið gekk í gildi hafa EFTA/EES ríkin Ísland, Liechtenstein og Noregur tekið fullan þátt í samstarfi Evrópusambandsins á sviði mennta- og æskulýðsmála, lengst af á grundvelli samstarfsáætlana Sókratesar, Leonardós da Vinci og Ungs fólks í Evrópu.

Samstarfsáætlanirnar eru tímabundnar og þeim lýkur í árslok 1999. Ekki verður þó lát á samstarfinu því að framkvæmdastjórn ESB hefur þegar lagt fram tillögur að þremur nýjum samstarfsáætlunum sem eiga að gilda til ársloka 2005.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar eru nú til umfjöllunar í ráðherraráði ESB og hjá Evrópuþinginu, en þess er vænst að þær verði samþykktar í ráðherraráðinu vorið 1999.

EFTA/EES ríkin verða þátttakendur í nýju áætlunum og hafa tækifæri til að gera athugasemdir við tillögur framkvæmdastjórnar. Er nú unnið að því í löndunum að kynna tillögurnar og safna umsögnum um þær.

Í tillögnum er leitast við að einfalda bæði uppbyggingu og framkvæmd áætlanna og færa þær nær hver annarri. Í meginatriðum er byggt á reynslunni af þeim áætlunum sem nú eru starfræktar og innihaldsbreytingar eru ekki miklar. Nefna má þó aukna

áherslu á símenntun og stuðning við þá sem eru atvinnulausir eða hafa flosnað upp úr skóla. Samstarf sem byggist á notkun upplýsingatækni verður einnig fyrirferðarmeira.

Sem kunnugt er hafa fjölmörg ríki í Mið- og Austur-Evrópu sótt um aðild að Evrópusambandinu og taka nokkur þeirra þegar þátt í menntamála- og æskulýðssamstarfinu, þótt ekki sé um fulla þátttöku að ræða, en gert er ráð fyrir að þátttaka þessara ríkja aukist með tilkomu nýju áætlanna.

NÁMSHEIMSÓKN FRÁ UNESCO-STOFNUN Í PARÍS

Valddreifing í skólakerfinu meginþemað

Dagana 15.-23. apríl 1998 dvaldi hér á landi á vegum menntamálaráðuneytisins um 50 manna hópur frá *International Institute for Educational Planning (IIEP)* sem er ein af undirstofnunum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, á sviði menntamála. Stofnunin, sem hefur aðsetur í París, stendur fyrir vetrarlöngu framhaldsnámi um skipulagningu menntamála.

Einnig býður stofnunin upp á ýmis styttri námskeið. Liður í framhaldsnáminu er námsheimsókn til einhvers aðildarlands UNESCO þar sem þátttakendur kynna sér ýmsa þætti í menntakerfi viðkomandi lands.

Í ár var námsheimsóknin til Íslands en ósk um hana kom fram í tengslum við opinbera heimsókn aðalframkvæmdarstjóra UNESCO, Federico Mayor, til Íslands vorið 1996. Valddreifing í skólakerfinu var

meginefni námsheimsóknarinnar. Þátttakendur heimsóttu grunn- og framhaldsskóla bæði í Reykjavík og úti á landi. Þeir heimsóttu Fræðslumiðstöð Reykjavíkur og kynntust samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi um rekstur skólaskrifstofu. Þá kynntu þeir sér kennaramenntun í Kennaraháskóla Íslands, fengu kynningu á starfi Námsgagnastofnunar og heimsóttu

Háskólann á Akureyri. Heimsókninni lauk með fundi á Hótel Sögu þar sem þátttakendur greindu á gagnrýninn hátt frá upplifun sinni og kynntu skýrslur um heimsóknina.

Erlendu gestunum var boðið til menningarvöku í Listasafni Íslands. Einnig heimsóttu þeir Þingvelli og var boðið til kvöldverðar á íslensk heimili.



IIEP gestir fyrir utan Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi

Nefnd til að meta þörf fyrir kennara í grunnskólum

Fræðistörf í Reykholti

Menntamálaráðherra hefur ákveðið að skípa nefnd sem er ætlað að meta þörf fyrir kennara í grunnskólum landsins fram til ársins 2010. Í störfum sínum skal nefndin hafa hliðsjón af eftirfarandi atriðum sem hafa áhrif á þróun og innra starf grunnskólans:

1. Ný grunnskólalög komast að fullu til framkvæmda á næstu árum meðal annars með einsetningu í öllum skólum.
2. Sveitarfélög hafa nú rekið grunnskólann í tvö ár og eftir nýlegar sveitarstjórnakosningar liggur stefna þeirra betur fyrir en áður, m.a. að því er varðar hagræðingu og sameiningu skóla og fjölda nemenda í bekkjum.
3. Í haust líta nýjar námskrár fyrir grunnskóla og framhaldsskóla dagsins ljós.
4. Reynsla hefur fengist af kennaranámi við Háskólann á Akureyri.
5. Kennaraháskóli Íslands tók til starfa undir nýjum formerkjum 1. janúar 1998.
6. Fyrir liggur úttekt á kennaranámi þar sem rík áhersla er lögð á gildi endurmenntunar.

Ráðherra vonar að nefndarskipanin leiði til þess að fram komi tillögur sem nýtist til þess að leysa skort á grunnskólakennurum til langs tíma. Þrátt fyrir að menntamálaráðuneytið hafi heimilað Háskólanum á Akureyri að taka upp kennaranám og að fjarnám hafi verið hafið við Kennaraháskóla Íslands eru enn of fáir sem útskrifast árlega til að hægt sé að mæta aukinni þörf fyrir kennara á grunnskólastigi.

Nefndinni er m.a. ætlað að kanna raunverulega þörf fyrir nýmyndun í kennarastétt, hlutfall réttindakennara við kennslu, hlutfall útskrifaðra kennara sem fer í kennslu árlega, þróun nemendafjölda og aldursdreifingu í kennarastétt.

Í störfum sínum skal nefndin miða við að skila skýrslu um næstu áramót. Ráðherra skipar formann nefndarinnar og tvo nefndarmenn án tilnefningar. Leitað hefur verið eftir tilnefningum frá Kennaraháskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og samtökum kennara.

Í lok júlí sl. var skipuð nefnd sem falið er að kanna og gera tillögur um hvernig komið verði á laggirnar í Reykholti rannsóknarstarfsemi í íslenskum og evrópskum miðaldrafræðum. Miðað er við að starfsemin verði innan vébanda sjálfseignarstofnunarinnar Snorrastofu í Reykholti, en með samstarfsaðild Háskóla Íslands og fleiri innlendra og erlendra fræðastofnana eftir því sem henta þykir. Í álitserð nefndarinnar verði m.a. fjallað nánar um viðfangsefni og tilhögun starfseminnar, aðstöðu og fjármögnun.

Í nefndinni eiga sæti Guðmundur Magnússon sagnfræðingur, formaður, Bjarni Guðmundsson kennari, Hvanneyri, tilnefndur af stjórn Snorrastofu í Reykholti og Helga Kress prófessor og forseti heimspekideildar Háskóla Íslands, tilnefnd af Háskóla Íslands. Nefndinni er ætlað að skila ráðuneytinu álitserð fyrir 15. janúar 1999.

Ný stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Ný stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands var skipuð til fjögurra ára frá 1. júlí.

Í stjórninni sitja: Þorkell Helgason orkumálastjóri, formaður stjórnar, skipaður af menntamálaráðherra, Jón Þórarinnson tónskáld, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu, Rósa Hrund Guðmundsdóttir fiðluleikari, tilnefnd af Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Halldóra Ingvadóttir framkvæmdastjóri, tilnefnd af Ríkisútvarpinu, og Hákon Leifsson tónskáld, tilnefndur af Reykjavíkurborg.

Varamenn eru: Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður, sem er varaformaður, Júlíus Vífill Ingvarsson framkvæmdastjóri, Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari, Hörður Vilhjálmsson fjármálastjóri og Inga Backman söngkona.

Mat á kennaramenntun

Í mars sl. kynnti menntamálaráðherra niðurstöður mats á kennaramenntun. Matið tók til allra þeirra skóla sem mennta grunn- og framhaldsskólakennara til starfa, þ.e. Kennaraháskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands. Niðurstöður sérstaks matshóps, þar sem sæti átta þrír íslenskir og tveir erlendir sérfræðingar, voru m.a. eftirfarandi:



• Brýnasta verkefni á sviði kennaramenntunar er ekki að lengja grunnnám heldur ber að stórefla endurmenntun kennara. Því er beint til stjórnvalda að eyða sem fyrst óvissu um lengd kennaranáms og efla endurmenntun kennara. Einnig eru stjórnvöld hvött til þess að gera áætlanir um þörf fyrir kennara á næstu árum.

• Í kennaramenntun er ekki nægilega tekið mið af aðalnámsskrám grunn- og framhaldsskóla. Þetta tengist því að kennsla í grunn- og framhaldsskólum stjórnast fremur af því námsefni sem í boði er en fyrirmælum aðalnámsskráa. Úr þessu þarf að bæta til þess að nýjar aðalnámsskrár verði markviss stýritæki í grunn- og framhaldsskólum.

• Kennaraháskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands eru hvattir til þess að efla samstarf sitt og koma því á formlegan grunn.

• Auka þarf tengsl á milli kennsluréttindanáms og sérgreina náms við ýmsar deildir Háskóla Íslands með því t.d. að veita fólki inngöngu í kennsluréttindanáms á meðan það stundar nám í sérgrein.

• Auka þarf möguleika kennaranema við KHÍ og HA til sérhæfingar í námi sérstaklega fyrir kennara í 8.-10. bekk grunnskóla. Til þess að gera kennaranemum kleift að auka við þekkingu sína í sérgrein mætti með skipulegum hætti gefa þeim kost á viðbótarnámsskeiðum við HÍ. Þetta felur þó ekki í sér kröfu um að allir kennaranemar í framtíðinni séu einu ári lengur að ljúka grunnnámi.

• Kennaramenntunarstofnanir einbeita sér um of að málefnum liðandi stundar, en sinna minna um að móta stefnu til framtíðar. Brýnt er að þessar stofnanir marki sér stefnu til lengri tíma.


Kennarastofnanir hafa tekið upp amstarf

Þegar hefur verið brugðist við ýmsum athugasemdum matshópsins. Má þar m.a. nefna að kennaramenntunarstofnanirnar þrjár hafa tekið upp samstarf sín á milli um þróun kennaramenntunar auk þess sem hver skóli hefur unnið úr þeim athugasemdum sem að honum beindust. Eins og fram kemur annars staðar í þessu Fréttabréfi hefur menntamálaráðherra ákveðið að skipa nefnd til þess að meta þörf fyrir kennara í grunnskólum landsins næsta áratuginn. Menntamálaráðuneytið mun fylgja eftir þeim tillögum sem fram koma í skýrslu matshópsins og knýja á um að þeir skólar sem þátt tóku í matinu skili áætlunum um úrbætur í samræmi við athugasemdir í skýrslunni.


Óháður umsjónarhópur þar sem sæti átta fulltrúar tilnefndir af kennarasamtökum, þátttökuskólum og ráðuneyti hafði yfirumsjón með mati á kennaramenntun og stóð auk þess fyrir könnun meðal brautskráðra nemenda og skólastjórna. Könnunin náði til þeirra sem útskrifuðust með BEd próf og kennsluréttindi árin 1981, 1986, 1991, 1995 og 1996. Endanlegar niðurstöður könnunarinnar verða birtar nú í haust.

Eftirfarandi myndir eru úr niðurstöðum könnunarinnar.

Hefur þú starfað sem kennari að námi loknu?



Hve oft hefur þú sótt endurmenntunarnámsskeið?



• UK: Kennsluréttindanáms

Réttur fatlaðra nemenda til náms

Nokkrar umræður hafa orðið um rétt fatlaðra nemenda til aðgangs að framhaldsskólanámi. Hafa foreldrar fatlaðra meðal annars sett fram þá skoðun, að menntamálaráðuneytinu sé skylt að tryggja þeim fjögurra ára nám í framhaldsskóla. Var eitt slíkt álitamál borið undir umboðsmann Alþingis, sem komst að niðurstöðu sinni 4. septemur síðastliðinn. Í rökstuðningi umboðsmanns Alþingis segir eftirfarandi:

„Samkvæmt 1. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðra, er eitt af markmiðum laganna að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Í 7. gr. sömu laga er síðan kveðið á um það, að fatlaðir skuli eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Segir síðan, að ávallt skuli leitast við að veita fötluðum þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar, heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Almenn lög um framhaldsskóla eru lög nr. 80/1996. Í 19. gr. laganna er kveðið á um skyldu stjórnvalda til að veita fötluðum nemendum kennslu og sérstakan stuðning í námi á framhaldsskólastigi. Látin skuli í té sérfræðileg aðstoð og nauðsynlegur aðbúnaður eftir því sem þörf krefur að mati menntamálaráðuneytisins. Þá skuli stefnt að því, að fatlaðir nemendur stundi nám samhliða öðrum nemendum.

Það er skoðun mín, að af framangreindum ákvæðum íslenskra laga, verði ráðin sú stefna löggjafans, að stuðlað sé eftir mætti að jafnrétti fatlaðra og annarra þjóðfélagsþegna. Skuli í því sambandi kappkosta, að veita fötluðum nemendum á framhaldsskólastigi sömu möguleika til náms og öðrum nemendum. Af eðli þessara réttinda leiðir hins vegar, að veita ber stjórnvöldum ákvæðið svigrúm við skipulagningu og mótun námsframboðs, þannig að tekið sé eftir mætti tillit til þeirra erfiðleika, sem fyrir hendi eru við ákvörðun um forgang verkefna og fjárveitingar.

Í svarbréfi menntamálaráðuneytisins til mín, dags. 19. febrúar 1998, kemur fram, að ráðherra hafi skipað ráðgjafarnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar Proskahjálpar og Umhyggju, félags langveikra barna, til að fjalla um stöðu fatlaðra nemenda í framhaldsskólum. Hlutverk nefndarinnar sé meðal annars að fjalla um það námsframboð, sem fyrir hendi sé á hverjum tíma, og gera tillögur til ráðherra um ný úrræði og annað það, sem betur megí fara í starfsemi framhaldsskóla varðandi þá nemendur, sem hlut eiga að máli. Með vísan til þessa og með hliðsjón af þeim sjónarmiðum, sem ég rakti hér að framan um eðli þeirra réttinda, sem hér um ræðir, er það skoðun mín, að ekki sé tilefni til, að ég hafi frekari afskipti af máli umbjóðanda yðar, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis.“

Álit umboðsmanns Alþingis er þannig til stuðnings því viðhorfi menntamálaráðuneytisins, að ekki sé lagaskylda til þess að bjóða fötluðum fjögurra ára nám í framhaldsskólum. Á hinn bóginn er rétt að áréttta, að markmiðið er að þróa námsframboð fyrir fatlaða á þann veg í framhaldsskólum, að það komi sem best til móts við nemendur.

Örnefnastofnun Íslands

Hinn 1. ágúst sl. tóku gildi lög um Örnefnastofnun Íslands sem samþykkt voru á Alþingi í vor (lög nr. 14/1998). Örnefnastofnun Íslands leysir af hólmi Örnefnastofnun Þjóðminjasafns sem starfað hefur frá árinu 1969.

Hlutverk Örnefnastofnunar Íslands er samkvæmt lögnum að safna íslenskum örnefnum frá öllum tímum þjóðarsögunnar, skrá þau og varðveita á aðgengilegan hátt. Þá skal stofnunin stunda og stuðla að fræðistörfum á sviði örnefnafræða, m. a. með fræðilegri útgáfu, og leggja rækt við náðið og virkt samstarf og samráð við aðrar stofnanir og einstaka fræðimenn, innanlands sem utan, er fást við hvers kyns fræði og starfsemi er örnefnum tengjast. Stofnunin á að þjóna eftir megni öllum þeim er leita eftir upplýsingum og leiðbeiningum um hvaðeina er heyrir til fræðasviðs hennar. Menntamálaráðuneytið hefur skipað stjórn Örnefnastofnunar Íslands til fjögurra ára. Í stjórninni eiga sæti Ólafur Oddsson menntaskólakennari, formaður, skipaður af menntamálaráðherra, Helgi Þorláksson prófessor, tilnefndur af þjóðminjaráði og Jón G. Friðjónsson prófessor, tilnefndur af háskólaráði Háskóla Íslands.

Örnefnanefnd

Með breytingu á lögum um bæjanöfn o.fl. sem samþykkt voru á Alþingi í vor og öðluðust gildi 1. ágúst sl. (lög nr. 40/1998) var m.a. breytt ákvæðum um hlutverk og skipan örnefnanefndar. Nefndin fjallar um nafngiftir býla og þorpa og úrskurðar jafnframt um hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands, eða með leyfi þeirrar stofnunar, sé ágreiningur eða álitamál um það efni. Þá sker nefndin úr ágreiningi um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Samkvæmt ákvæði í nýjum sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, ákveður sveitarstjórn nafn sveitarfélags að fenginni umsögn örnefnanefndar. Menntamálaráðherra hefur skipað örnefnanefnd á grundvelli hinna nýju lagaákvæða. Samkvæmt þeim er nefndin skipuð þremur mönnum til fjögurra ára í senn. Íslensk málnefnd hefur áheyrnarfulltrúa í nefndinni með tillögurétti og málfrelsi. Stjórn Örnefnastofnunar Íslands hefur óskað eftir að fresta tilnefningu aðalfulltrúa stofnunarinnar í örnefnanefnd uns forstöðumaður stofnunarinnar hefur verið ráðinn. Hefur stjórnin því að svo komnu tilnefnt varamann af sinni hálfu.

Í örnefnanefnd eiga sæti: Ari Páll Kristinsson forstöðumaður Íslenskrar málstöðvar, formaður skipaður af menntamálaráðherra. Varamaður hans og jafnframt varaformaður er Stefán Karlsson forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi. Jónas Jónsson fyrrverandi búnaðarmálastjóri, tilnefndur af umhverfisráðuneyti. Varamaður hans er Hrafn Hallgrímsson deildarstjóri. Gunnlaugur Ingólfsson orðabókarritstjóri, varamaður, tilnefndur af Örnefnastofnun Íslands.

Áheyrnarfulltrúi af hálfu Íslenskrar málstöðvar er Þórhallur Vilmondarson fyrrverandi prófessor og til vara Guðrún Kvaran forstöðumaður Orðabókarinnar. Aðsetur örnefnanefndar verður fyrst um sinn í Örnefnastofnun Íslands, Þjóðminjasafnshúsinu.

Tölvunám fyrir framhaldsskólakennara

Menntamálaráðuneytið, Hið íslenska kennarafélag, Kennarasamband Íslands, Rafiðnaðarskólinn og Viðskipta- og tölvuskólinn gerðu með sér í mars sl. samning um tölvunám fyrir framhaldsskólakennara. Námskeiðinu var ætlað að tryggja þeim framhaldsskólakennurum sem það sóttu undirstöðuþekkingu á sviði tölvu- og upplýsingatækni. Þessi samningur var tilraunaþverkefni og gerður samkvæmt stefnu menntamálaráðuneytisins um upplýsingasamfélagið sem birt

var í ritinu *Í krafti upplýsinga*. Greiddi menntamálaráðuneytið kostnað við námskeiðið.

Samið var um námskeið fyrir 36 kennara og skiptist það í tvennt. 24 kennarar sóttu námskeiðið *Tölvu- og kennsluumhverfi* þar sem öll verkefni tengdust kennsluumhverfi og daglegum verkefnum kennara. 12 kennarar stunduðu aftur á móti nám sem kallað var *Tölvukennarinn, netumsjón og rekstur tölvustofu*. Fyrri námskeiðið

var 160 kennslustundir, hið síðara 180. Nokkru fleiri umsóknir bárust en hægt var að sinna og sá sérstök valnefnd, sem í voru fulltrúar frá menntamálaráðuneytinu og kennarafélögunum, um að velja kennara á námskeiðið. Skilyrði fyrir þátttöku í námskeiðinu var að viðkomandi kennarar hefðu lokið prófi í kennslu- og uppeldisfræði og hefðu þar með réttindi sem framhaldsskólakennarar. Námið er flokkað sem endurmenntun og metið til launa samkvæmt reglum þar um.

Námskeiðin voru haldin í húsa- kynnum Rafiðnaðarskólans og hófust um miðjan apríl. Að sögn námskeiðshaldara tókust námskeiðin mjög vel og allir kennarar luku náminu utan einn.

Rannsókn á kunnáttu 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði

Menntamálaráðuneytið hefur gert samning við Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála til fjögurra ára um framkvæmd rannsóknar hérlendis á kunnáttu 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. Rannsóknin er á vegum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) og nær til 28 landa. Er rannsóknin liður í áætlun OECD landa að birta með fjögurra ára millibili samanburð á kunnáttu nemenda á fyrrgreindum þremur sviðum.

Fagleg yfirstjórn verksins er í höndum rannsókn- og háskólastofnana í Ástralíu, Hollandi og Bandaríkjunum. Undirbúningur rannsóknarinnar hófst á miðju síðasta ári. Gagnasöfnun fer fram á vormisseri árið 2000. Gert er ráð fyrir að fyrstu niðurstöður úr rannsókninni verði birtar um mitt ár 2001. Við vinnu verkefnisins verður að kalla til ýmsa

sérfræðinga á sviði lesturs, stærðfræði og náttúrufræði.

Á Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála hefur verið ákveðið að setja á laggirnar nefnd með fulltrúum frá ýmsum aðilum sem tengjast skólamálum. Hlutverk nefndarinnar er fyrst og fremst að fylgjast með framgangi

verksins og vera vettvangur miðlunar upplýsinga og umræðu um efni rannsóknarinnar. Með þessu móti ættu allir hlutaðeigandi að vera upplýstir um efni rannsóknarinnar og undirbúnir fyrir hugsanlegar umræður í kjölfar kynningar á niðurstöðu rannsóknarinnar.



Ljóm. Bára

Starfsgreinaráð taka til starfa

Starfsgreinaráð gegna lykillhlutverki í námskrágerð starfsnáms. Samkvæmt lögum gera þau tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrár í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, um námsmat, sveinspróf og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis. Auk þess gera starfsgreinaráðin tillögur um skiptingu náms á skóla og vinnustað, reglur um vinnustaðanám og viðurkenningu á vinnustöðum til að taka nema í starfsþjálfun og fleira tengt starfsnámi. Þá skulu starfsgreinaráð eiga frumkvæði að breyttri skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða starfsmenntun í viðkomandi greinum.

Á tveimur fundum á liðnu vori komu nýskipuð starfsgreinaráð í fjórtán starfsgreinaflokkum saman til funda á Hótel Sögu. Fundirnir mörkuðu upphafið að starfi starfsgreinaráða, en þau eru skipuð samkvæmt 28. gr. framhaldsskólaganna. Starfsgreinaráðin eru skipuð sjö fulltrúum, sex eru tilnefndir af aðilum atvinnulífsins, en einn af menntamálaráðherra. Ráðin ná til fjórtán starfsgreinaflokka en flokkunin var unnin af samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi og er ætlað að taka til allra starfsgreina sem stundaðar eru á Íslandi, óháð því hvort þær njóta fræðslu á framhaldsskólastigi eða ekki. Flokkarnir eru eftirfarandi:

Bygginga- og mannvirkjagreinar, farartækja- og flutningsgreinar, matvæla- og veitingagreinar, mál-, véltækni- og framleiðslugreinar, uppeldis- og tómtundagreinar, upplýsinga- og fjölmiðlagreinar, öryggisvarsla, björgun og löggæsla, sjávar-

útvegsgreinar, rafíðngreinar, náttúrunýting, hönnun, listir og handverk, verslunar- og skrifstofustörf, persónuleg þjónusta og heilbrigðis- og félagsleg þjónusta.

Á fundunum sl. vor kynnti Björn Bjarnason menntamálaráðherra nýja menntastefnu og ræddi sérstaklega um áherslur í starfsnámi. Þá voru á fundinum kynnt fyrstu verkefni starfsgreinaráðanna, en þau munu á næstu mánuðum hefjast handa um endurskoðun á námskrá fyrir starfsnám og kanna möguleika á nýju starfsnámi.



Ljóm. Bára



XXIX INTERNATIONAL PHYSICS OLYMPIAD

Ólympíuleikar í eðlisfræði á Íslandi

Björn Bjarnason menntamálaráðherra setti Ólympíuleikana í eðlisfræði, sem voru hinir 29. í röðinni, við hátíðlega athöfn í Háskólabíói hinn 3. júlí sl. Var menntamálaráðherra opinber gestgjafi leikanna. Ólympíuleikarnir í eðlisfræði eru árleg keppni framhaldsskólanema í kennilegri og verklegri eðlisfræði. Upphaflega voru leikarnir einungis keppni fimm Austur-Evrópuþjóða en nú tóku keppnislið frá 56 löndum hvaðanæva úr heiminum þátt í þeim. 266 unglingar frá þessum löndum kepptu í tveimur 5 klst. prófum sem íslenskir eðlisfræðingar sömdu og fóru yfir. Þátttakendur voru valdir vegna afburða frammistöðu í eðlisfræðikeppni í heimalöndum sínum. Þeir 106 erlendu fararstjórar sem fylgdu þeim eru virtir eðlisfræðingar og meðal forystumanna á sviði eðlisfræðikennslu.

Í umboði menntamálaráðuneytisins starfaði framkvæmdanefnd undir forystu Þorsteins Inga Sigfússonar prófessors að undirbúningi og framkvæmd ólympíuleikanna. Framkvæmdastjóri var Viðar Ágústsson eðlisfræðingur. Þegar mest var álagið störfuðu 125 manns við leikana, eðlisfræðingar, starfsmenn á vegum Reykjavíkurborgar og sjálfbodaliðar.

Í lok Ólympíuleikanna afhenti menntamálaráðherra for-

manni Skólameistarafélagsins þann búnað er notaður var á leikunum, samtals 150 set af tilraunatækjum fyrir rafsegulfræði, til notkunar í framhaldsskólum landsins. Heildarverð þessara tækja er um 6 millj. kr. Tækjunum verður skipt milli skóla innan skamms.

Menntamálaráðuneytinu hafa borist lofsamleg þakkarbréf frá ýmsum þátttökulöndum.



Ljósmyndari Pétur Kristjánsson

Hafið, arfleifð til framtíðar



Íslendingar taka nú þátt í heimssýningunni EXPO '98 en kjörorð hennar er *Hafið, arfleifð til framtíðar*. Sverrir Haukur Gunnlaugsson sendiherra hefur haft yfirumsjón með þátttöku Íslendinga en alls taka hátt á annað hundrad þjóðir og alþjóðastofnanir þátt í sýning-

unni og þykir hönnun og uppbygging svæðisins hafa heppnast vel.

Útflutningsráð Íslands sá um allar framkvæmdir vegna byggingar og reksturs íslenska skálans á sýningunni. Hefur hann vakið töluverða athygli og þykir bæði einfaldur og stílhreinn en Árni Páll Jóhannsson leikmyndahönnuður sá um hönnun hans. Í fremri hluta skálans fer fram almenn kynning á landi og þjóð og er þar aðallega stuðst við margmiðlunarfni, en inn af er gengið í kvikmyndasal þar sem sýndar eru myndir frá Íslandi.

Hverju þátttökuríki var úthlutað svokölluðum þjóðardegi og kom laugardagurinn 27. júní í hlut Íslands. Hófst hann

með opinberri opunarathöfn þar sem menntamálaráðherra Björn Bjarnason og Rut Ingólfssdóttir voru boðin velkomin af fulltrúum portúgalskra stjórnvalda. Síðan var þeim boðið að skoða portúgalska skálann áður en haldið var í íslenska skálann og hann skoðaður.

Um kvöldið var mikil menningardagsskrá sem menntamálaráðuneytinu var falið að skipuleggja og bar Laufey Guðjónsdóttir deildarsérfræðingur, hita og þunga af því starfi. Þar komu alls um 80 íslenskir listamenn samtímis fram á níu sviðum við afar góðar viðtökur. Sú mikla vinna og undirbúningur sem listamennirnir lögðu af mörkum skilaði sér mjög vel og var landi og þjóð til mikils sóma.

Eftirfarandi listamenn báru uppi dagsskrána: Leikhópurinn Frú Emilía sem flutti kammeróperuna Rhodemenía Palmata; Ormstunga með samnefnda leikgerð byggða á Gunnlaugssögu ormstungu; sönghópurinn Tjarnarkvartettinn; Kammersveit Reykjavíkur; þjóðdansahópurinn Fiðrildin; Skari Skrípó; Örn Árnason; Íslenski dansflokkurinn og Blásarakvintett Reykjavíkur.

Af öðrum þáttum heimssýningarinnar sem snerta Ísland má nefna þátttöku tveggja ungmenna, Þórhildar Agnar Jónsdóttur og Ingva Þorbjörnssonar, í alþjóðlegri æskulýðsráðstefnu um vernd hafanna en hún stóð yfir dagana 28. ágúst til 1. september. Heimssýningunni EXPO '98 lýkur 30. september nk.



Annar frá vinstri er Sveinn Haukur Gunnlaugsson sendiherra, menntamálaráðherra Björn Bjarnason og Rut Ingólfssdóttir og fulltrúar portúgalskra stjórnvalda. Fremst á myndinni og í bakgrunni má m.a. sjá félagi úr Fiðrildunum.

Bandalag íslenskra listamanna 70 ára



Ljósmyndari: Ingunn Þóra Magnúsdóttir

Bandalag íslenskra listamanna (BÍL) kom saman til stuttrar athafnar á Lækjartorgi til að minnast 70 ára afmælis bandalagsins. Að henni lokinni rituðu, Björn Bjarnason menntamálaráðherra og Hjálmar H. Ragnarsson tónskáld forseti BÍL, undir samstarfssamning BÍL og ráðuneytisins.

Á myndinni eru nokkrir fyrrverandi forsetar BÍL, Birgir Sigurðsson rithöfundur, Brynja Benediktsdóttir leikstjóri og tónskáldin Þorkell Sigurbjörnsson, Jón Þórarinnsson og Hjálmar H. Ragnarsson núverandi forseti BÍL.

Breytt rekstrarform þriggja skóla

Víða hafa verið gerðar breytingar á rekstrarformi skóla. Markmiðið hefur verið að færa vald og ábyrgð til hagsmunaaðila og/eða heimamanna. Þannig hefur m.a. verið hægt að tengja nám betur þörfum atvinnulífsins eða starfsgreinanna.

Undirritaðir voru sl. vor samningar sem fela í sér breytt rekstrarform þriggja skóla sem til þessa hafa verið reknir af ríkinu. Skólar þessir munu frá hausti 1998 starfa sem einkaskólar. Þeir skólar sem hér um ræðir eru Hússtjórnarskólinn í Reykjavík, Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað og Framhaldsskólinn í Skógum.

Í samningunum felst að Bandalag kvenna í Reykjavík tekur að sér rekstur Hússtjórnarskólans í Reykjavík og fjögur samtök á Austurlandi taka að sér rekstur hússtjórnarskólans þar. Samtökin á Austurlandi eru Samtök sveitarfélaga í Austur-

landskjördæmi, Ferðamálasamtök Austurlands, Búnaðarsamband Austurlands og Samband austfiskra kvenna.

Gert er ráð fyrir að Framhaldsskólinn í Skógum muni bjóða tveggja ára nám á almennri braut bóknáms svo og tveggja ára nám á hestabraut. Sjálfseignarstofnun mun annast rekstur skólans og aðra starfsemi á hans vegum. Stofnendur hennar eru Héraðsnefnd Rangæinga og Héraðsnefnd Vestur-Skaftfellinga.

Menntamálaráðuneytið greiðir ákveðinn kostnað fyrir hvern nemanda er stundar nám í skólunum en þeir þurfa að hafa tiltekinn lágmarksfjölda nemenda til að samningarnir gangi eftir. Gildistími samninganna er þrjú ár. Markmið breytts rekstrarforms er að tryggja að skólarnir geti starfað áfram í tengslum við sitt nánasta umhverfi.



Íslenskar kvikmyndir fá erlenda styrki

MEDIAFRÉTTIR greindu frá því að EURIMAGES hafi veitt tvo styrki til Íslendinga til framleiðslu kvikmynda á árinu 1998. Leiknar myndir fengu 16 millj. íkr. til að framleiða Myrkrhöfðingjann og Íslenska kvikmyndasamsteypan ehf fékk rúmlega 26 millj.íkr. til að framleiða Engla alheimsins. Styrki til dreifingar á árinu 1998 fengu Búdapest film til að dreifa Djöflaeyjunni í Ungverjalandi og Cinemart a.s. hlaut styrk til að dreifa sömu mynd í Tékklandi.

Menningartengsl og samvinna við suður-afríska listamenn

Á þessu ári og því næsta stendur Norræna ráðherranefndin fyrir viðamikilli menningarkynningu í Suður-Afríku undir heitinu Shuttle '99, þar sem áhersla er lögð á gagnkvæm menningartengsl og samvinna milli norrænna og suður-afrískra listamanna.

Við undirbúning verkefnisins skiptu Norðurlandþjóðirnar með sér verkum og kom það í hlut Íslendinga að skipuleggja bókmenntahlutann. Finnar sjá um ljósmynda- og kvikmyndalist; Danir skipuleggja dans og leikhús; Norðmenn annast tónlistarþáttinn og Svíar skipuleggja myndmennt.

Laufey Guðjónsdóttir deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu hefur verið skipuð af hálfu Íslands til setu í vinnuhópi innan Norrænu ráðherranefndarinnar til að undirbúa menningarkynningarnar. Verkefnisstjóri bókmenntahlutans er Sigrún Valbergsdóttir.

Ákveðið var að leggja höfuðáherslu á samvinnuverkefni norrænna og suður-afrískra höfunda um gerð barnabókar og þar með fylgja þeirri grunnhugsun verk-

efnisins að stuðla að tengslum milli listamanna. 12 rithöfundar og myndskreytar frá Suður-Afríku og Norðurlöndum tóku þátt í verkefninu fyrir Íslands hönd, þau Olga Guðrún Árnadóttir og Sjón.

Ritstarfinu er skipt í tvo meginhluta og fór sá fyrri fram í Norræna húsinu hér í Reykjavík síðustu vikuna í maí. Eft

var til ritsmiðju höfunda í samvinnu við Listahátíð í Reykjavík með þátttöku 15 íslenskra barna á aldrinum 9-11 ára. Urðu þar til margar skemmtilegar hugmyndir sem síðan verður unnið úr til fulls þegar höfundarnir hittast aftur í Suður-Afríku í nóvember nk. Stefnt er að því að ritsmiðin verði gefin út áður en Shuttle '99 verkefninu lýkur haustið 1999.

Hinir suður-afrísku þátttakendur voru mjög áhugasamir um störf kollega sinna hér á landi sem og annars staðar á Norðurlöndum.

Upplýsingar um Shuttle '99 verkefnið og framvindu þess má finna á internetinu. Slóðin er: www.artslink.za



Þátttakendur í ritsmiðjunni ásamt menntamálaráðherrahjónunum Birni Bjarnasyni og Rut Ingólfsdóttur við Ráðherrabústaðinn.

Sigríður Jónsdóttir letur af störfum



Ljós. Anna Fjöla

Sigríður Jónsdóttir deildarsérfræðingur í menntamálaráðuneytinu hefur látið af störfum. Hún hóf störf sem námstjóri í samfélagsfræðum árið 1978 með áherslu á yngri stig grunnskólans. Árið 1982 var hún skipuð námstjóri fyrir byrjendakennslu en varð almennur námstjóri árið 1990 þegar fagnámstjórn var

lögð niður í ráðuneytinu og hefur síðustu árin starfað sem deildarsérfræðingur. Frá árinu 1985 hefur Sigríður haft umsjón með jafnréttismálum á vegum ráðuneytisins. Af þessu tilefni var efnt til kaffisamsætis fyrir Sigríði og henni þakkað farsælt starf.

Stuðningur við margmiðlunarverkefni

Vakin er athygli á styrk- eða lánsmöguleikum til undirbúnings margmiðlunarverkefna á vegum kvikmyndasamstarfs Evrópusambandsins, MEDIA. Stuðningurinn er tvíþættur: Í fyrsta lagi er hægt að sækja um styrk að hámarki 20 þúsund ECU (um 1,6 millj.kr.) og er slíkur styrkur ætlaður til þróunarverkefna. Í öðru lagi er hægt að sækja um lán að hámarki 250 þúsund ECU (um 20 millj.kr.) til áframhaldandi þróunar. Hvaða margmiðlunarfyrirtæki sem er getur sótt um og er ekki lengur skilyrði að verkefnið sé fyrir sjónvarp eða kvikmynd. Nánari upplýsingar veitir MEDIA upplýsingarþjónusta á Íslandi, en umsóknargögn er hægt að nálgast á vefsíðu þeirra, slóðin er: <http://www.futurenet.co.uk/emda>

Ingibjörg Ásgeirsdóttir ráðin forstjóri Námsgagnastofnunar

Ingibjörg Ásgeirsdóttir hefur verið skipuð forstjóri Námsgagnastofnunar til fimm ára. Ingibjörg hefur starfað hjá Námsgagnastofnun síðastliðin 12 ár og verið útgáfustjóri frá árinu 1990. Hún er með kennarapróf frá Kennaraháskóla Íslands, árs nám í byrjendakennslu við Danmarks Lærehøjskole, Diploma in Education frá University of London og M.A próf í kennslufræði/námskráfræði frá sama skóla.

Ljóm. Anna Fjólá



Forstöðumaður Rannsóknastofnunar- uppeldis- og mennta- mála í ársleyfi.

Forstöðumanni Rannsóknastofnunar uppeldis og menntamála, Einari Guðmundssyni, hefur verið veitt leyfi frá störfum um eins árs skeið frá og með 1. september 1998. Meðan á leyfinu stendur sinnir hann úrvinnslu gagna vegna TIMSS rannsóknarinnar um frammistöðu íslenskra nemenda í 3. og 4. bekk í stærðfræði og náttúrufræði á vegum Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála. Júlíus K. Björnsson hefur verið settur til að gegna störfum forstöðumanns sama tímabil.

Nýr framkvæmdarstjóri LÍN

Steingrímur Ari Arason hefur verið skipaður framkvæmdarstjóri Lánasjóðs íslenskra námsmanna um fimm ára skeið frá 1. janúar 1999. Hann hefur verið aðstoðarmaður fjármálaráðherra frá árinu 1991. Hann lauk Cand. Oecon frá Háskóla Íslands og M.A prófi í hagfræði frá Háskólanum í Uppsölum.



Ljóm. Anna Fjólá

Sérfræðingur í skrifstofu menntamála- og vísinda.

Ólafur Jónsson hefur verið ráðinn sérfræðingur í framhaldsskóla- og fullorðinsfræðsludeild í skrifstofu menntamála og vísinda. Meginverksvið hans er að annast mál er varða framhaldsskóla og starfsgreinaráð. Ólafur var námsráðgjafi við Fjölbrautarskólann í Breiðholti frá árinu 1987 og áfangastjóri við sama skóla frá 1995. Ólafur er með B.A próf í félagsfræði og uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands.



Ljóm. Anna Fjólá

Lárus Hagalín Bjarnason ráðinn

Lárus Hagalín Bjarnason hefur verið skipaður skólameistari Menntaskólans við Hamrahlíð um fimm ára skeið. Lárus er með B.S próf í stærðfræði (með eðlisfræði sem aukagrein) og uppeldis- og kennslufræði frá Háskóla Íslands og Cand. Scient. próf í stærðfræði (með tölvunarfræði sem aukagrein) frá Odense Universitet. Hann stundar nú nám í opinberri stjórnsýslu og stjórnun við Endurmenntunarstofnun HÍ samhliða starfi. Lárus hefur kennt í MH frá árinu 1982 með hléum, var aðstoðarskólameistari skólaárið 1992-93 og haustönn 1995 og aðstoðarskólameistari í Borgarholtsskóla frá 1996-1998.



Verður Windows tölvuumhverfið íslenskað?

Menntamálaráðherra hefur lagt á það mikla áherslu að íslensku skólafólki verði gefinn kostur á að vinna í íslensku tölvuumhverfi. Undanfarin ár hefur verið unnið á vegum menntamálaráðuneytisins að því að finna leiðir til að fá Windows tölvuumhverfið íslenskað.

Viðræður hafa farið fram á milli íslenskra stjórnvalda og fyrirtækisins. Viðræðurnar voru árangursríkar og kom fram vilji hjá báðum aðilum að íslenska hugbúnað frá fyrirtækinu. Forsvarsmenn Microsoft lýstu einlægum áhuga fyrirtækisins á

því að koma til móts við Íslendinga um þýðingu á hugbúnaði Microsoft á íslensku.

Í kjölfar þess var haldinn fundur í menntamálaráðuneytinu hinn 23. júlí sl. þar sem fulltrúar Microsoft ræddu við ráðherra og sérfræðinga í ráðuneytinu auk fulltrúa frá Ríkiskaupum. Markmiðið með fundinum var að undirbúa þýðingu á hugbúnaði fyrirtækisins. Áframhaldandi viðræður standa yfir og er stefnt að niðurstöðu í málinu á næstu mánuðum.